



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 101 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Reykjavík 1. júní 2016

Ágætu nemendur, foreldrar
og áhugafólk um skólamál

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur látið útbúa meðfylgjandi kynningarit sem útskýrir helstu breytingar sem eru í gangi í grunnskólum landsins. Markmiðið með þeim er að skólakerfið skili nemendum eins vel undirbúnum út í samfélagið og hægt er.

Sérstök áhersla á hæfni nemenda og nýtt einkunnakerfi hefur verið í undirbúningi frá útgáfu aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla árið 2011. Í ritinu er útskýrt hvað átt er við með hæfni nemenda og hvernig nýtt einkunnakerfi virkar.

Haustið 2015 hófst 5 ára verkefni sem ráðuneytið, sveitarfélögin, foreldrar og skólar sameinast um. Það nefnist *Þjóðarsáttmáli um læsi*. Markmið þess er að bæta læsi barna og fjölga umtalsvert þeim börnum sem geta lesið sér til gagns við lok grunnskóla. Verkefninu eru gerð ítarleg skil.

Breytingar eru í farvatninu hvað varðar framkvæmd og innihald samræmdra könnunarprófa í grunnskólum og er fjallað sérstaklega um tímasetningu þeirra.

Það samfélag sem býður barna á leik- og grunnskólastigi mun að öllum líkindum gera miklar og fjölbreyttar kröfur. Fyrirséð er að hlutfallslega færri verða á vinnumarkaði, fleiri munu þurfa öldrunarþjónustu, heilbrigðiskerfið verður dýrara og samfélagið margbreytilegra. Til þess að börnin okkar geti staðið undir þeim kröfum er nauðsynlegt að þau fái úrvalsmenntun. Íslenska menntakerfið verður að standa jafnfætis því besta sem þekkist. Einungis þannig getum við áfram byggt upp samfélag sem stenst samanburð við þá sem fremst standa.

Það er von mín að vel takist til með innleiðingu þessara mikilvægu umbóta og að samstaða verði í samfélaginu um þær.